

missti sjónina með öllu, enda var þá störfum hans í þjónustu landsins lokið. Bjarni amtm. hefur verið mikilmenni fyrir margra hluta sakir, glöggur og skarpskyggn, og í miklu álitni jafnan erlendis. Þó er æfisa saga hans laus við allt sjálfsból og alla hégómagirni, er hinsvegar einkennir mjög æfisögubrot Magnúsar Stephensens, sem birtur hefur áður í Tímaritinu, og fyrir það mjög gildi þeirrar æfisögu. Vér Íslendingar eigum svo að segja ekkert af samkynja ritum, sem þessum, og er það skaði, því að opt má margt og mikið á þeim græða um menn og málefni, sem annars getur verið alls ókunnugt um. Danir t. d. eiga ágæt bækur í þessari grein frá næstl. öld, t. d. æfisögur þeirra Mynsters, Clausens, Madvigs, Martensens o. m. fl., sem allar þykja mjög vel ritadar. Svo mjög skrifandi sem vér Íslendingar erum, hafa flestir verið latir á að rita nokkuð um sjálfa sig og samtíðarmenn sína. Mundi oss nú t. d. þykja harla mikilsvert að eiga t. d. nákvæma lýsingu af lífinu í skólunum í Skalholti og á Hólum á 18. öld, með öðrum fróðleik, er slíkar gamlar æfisögur gætu haft að geyma. En frá þeim tímum er ekkert slíkt æfisögurit til, nema séra Jóns Steingrímssonar († 1791) og séra Þorsteins Péturssonar á Staðarbakka († 1784), og eru þau rit betri en ekki, þótt ófullkomin séu. Að svo mæltu vonumst vér til, að Tímaritinu takist eptirleidis að flytja þær ritgerðir, er almenningur hefur gagn og gaman af að lesa.

S.—R.

## Sogsbrúarmálið o. fl.

Úr Grímsnesi er Þjóðólfi skritað 7. þ. m. Fundur var haldinn hér á þingstað hreppsins 5. þ. m., til að ræða um Sogsbrúarmálið o. fl.; fundurinn byrjaði með því að kosinn var fundarstjóri og skrifari, því næst las skrifari upp skjal og lýsti gangi Sogsbrúarmálsins að nokkru leyti frá byrjun, og skýrði málið sérstaklega eins og það nú horfir við, sýndi fram á nauðsyn brúarinnar í sambandi við hin væntanlegu rjórnabú o. fl., hvatti til að halda málinu áfram og hækka tilboðið frá hreppsins hálfu, úr 2,500 kr. upp í allt að 5000 krónur, og sýndi reikningslega fram á, hvaða kostnað það hefði í för með sér, fyrir hvern einstakan bónda, að jöfnuði, í hreppnum, í 28 ár, og komst að þeirri niðurstöðu, að jafnaðartalan á hvern búanda yrði lægri árlega, en hver meðalbóndi, sem verður að flytja alla sína aðdrætti yfir Sogið eða Hvítá, þarf að borga árlega í ferjutolla. Að því búnu hófust umræður um málið og urðu þær nokkuð langar af þeirri ástæðu, að þar kom fram apturhalds- og andmælaröddin sama, sem fyr hefur lát- ið til sín heyra í þessu máli. Umræður enduðu með því, að lesin var upptillega í þessa átt: að Grímsnesingar lofa að leggja frá sínum hreppi tii brúargerðar á Sogið hjá Alviðru allt að 5 þús. krónur, og skora jafnframt á sýslunefnd Árneshreppsins, að veita úr sýslusjóði allt að 7 þús. kr. til sama fyrirtækis, og gera sem bráðast allar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru málinu til framkvæmda, sem allra fyrst. Var svo gengið til atkvæða um tillöguna, og hún samþykkt með 35 atkv. gegn 3 atkv.

Þess má þakksamlega geta, í sambandi við þetta mál til heiðurs þeim P. Nielsen verzlunarstjóra á Eyrarbakka og Ólafi kaupmanni Árnasyni á Stokkseyri, að þeir hafa báðir þegar lofað að taka þátt í fyrirtækinu með fjárfraumlögum, og væri óskandi að fleiri vildu feta í þeirra spor. Tvö rjórnabú eiga að setjast hér á stofn í vor, annað við Apá, hitt við svo nefnd-

an Fossvallarlæk í Hæðarenda landi; til hins síðarnefnda er búið að kaupa efni, svo sem timbur, járn og sement, sem allt á að draga að, á ís-í vetur, ef tíð leyfir. Í ráði, er að nokkrir bændur úr Grafningi gerist meðlimir í Fossvallarbúinu, þar á meðal stórbóndinn Jón Sveinbjörnsson á Blíðsfelli.

Af ofanritaðri skýrslu má sjá, að mál þetta er á góðum vegi hjá Grímsnesingum, og að þeir vilja eitthvað í sölnar leggja, til þess af fá nauðsynlega samgöngubót — brú á Sogið — þar sem þeir hafa nú lofað að hækka um helming tillag sitt, sem áður var þó allríflegt. Hafa Grímsnesingar sýnt mikla samheldni og mikinn dugnað í þessu máli, svo að það er enginn efi á, að þeir halda málinu áfram til fullkomins sigurs, enda hefur sá hreppur löngum verið talinn hinn allra framtakssamasti og afkastamesti til allra framfara í sýslunni, og skipaður mörgum einbeittum dugnaðar- og áhugamönnum. Er óhugsandi, að sýslunefndin lati þá skömm eptir sig liggja, að standa nú ekki við hið fyrra tilboð sitt, um 5000 kr. tillag til Sogsbrúarinnar, þá er landsjóður hefur hlaupið svo vel undir bagga, að leggja til  $\frac{1}{3}$  hluta brúarkostnaðarins. Að minnsta kosti verður Árneshreppur ekki boðið það í annað sinn, ef þeir hafna því nú, og yfirleitt mun sýslan ekki geta gert sér miklar vonir um fjárfraumlög úr landsjóði til nauðsynlegra fyrirtækja þar eystra, ef hún vill ekkert styðja þau fyrirtæki, sem alþingi hefur lagt fé til. Það er við svo ramman reip að draga í þinginu um fjárfraumlög til þessarar sýslu, að sýslunefndin má ekki gera óvinunum þann greiða, að gera sig um of drembna, og heimta annaðhvort allt eða ekkert. Menn gangast lítt upp við slík »compliments», og afleiðingin verður sú, að sýslan fær ekkert, því að þá vitna þingmenn í, að hún vilji sjálf ekkert af mörkum leggja til framfarafyrirtækja innan sýslu. Þær ákúru hafa ekki svo sjaldan hvinið um eyru okkar, þingmanna hennar, og er því tími til, að sýslunefndin geri slíkt bull að markleysu einni, enda mun svo verða að því er Sogsbrúna snertir, því að hitt væri stór flóðska, að synja um allan styrk til hennar, úr því að einn hreppur og landsjóður hafa boðið fram  $\frac{2}{3}$  þjarins. Að vísu er oss kunnugt um, að sýslunefndarmaðurinn úr Grímsnesi hreppi, upp- gjafakarll úr Laugardal, er einn af stækustu óvinum þessa máls, og mun gera allt sem hann getur til þess að spilla fyrir því í nefndinni, eins og hann hefur hvað eptir annað reynt til að gera í blöðunum, en sú er bótin, að sa velæruverðugi herra hefur engin áhrif, hvorki í sýslunefndinni né í sínum hreppi, svo að það er jafnvel vinningur fyrir hvert mál, að hann sé á móti því, heldur en með því. Þetta er alkunnugt þar eystra, og munu hreppsþúar hans að minnsta kosti kaþnast við það. Það er litill efi á, að það er þetta sama göfugmennni, sem var að akneytast í »Ísafold» nokkru fyrir jólin út af Sogsbrúarmálinu o. fl. En það heimskupvogl var auðvitað ekki svara- vert, því að maðurinn er hvorki svo mikils metinn heima í héraði né annarsstaðar, að menn taki raus hans til greina að neinu leyti. Honum hentar bezt að tala við sjálfan sig. Þar talar hann við jafn- oka sinn í skyngsemi, sem hann annars mun sjaldan hitta. Ritstj.

## Hjúkrunarfélag Reykjavíkur

hélt fyrsta ársfund sinn í Iðnaðarmanna- húsínu að kveldi hins 25. þ. m. Formaður félagsins, séra Jón Helgason presta-

skólakennari, skýrði frá aðgerðum félagsins á því hálfu ári sem liðið er, síðan félagið tók til starfa (1. júlí næstl. ár). Tölu félagsmanna kvað hann vera alls 140, og hefðu þeir sjálfir ákveðið árstíllög sín, en þau væru minnst 2 kr. en mest 40 kr. Tekjur félagsins á liðna árinu hefðu verið alls 581,42 kr. (sem er aðallega tillög félagsmanna), en utgjöld alls 310,10 kr., svo að félagið ætti nú í ársbyrjun alls 271,32 kr. Hjúkrunarkona félagsins hefði á þessu tímabili stundað sjúka á 10 heimilum alls í samtals 152 daga (mest 35 daga á sama heimilinu) og á 4 þessara heimila jafnframt unnið öil heimilisverk. Beiðni um að fá hjúkrunarkonu hefði, þratt fyrir allgott heilsufar her í bænum á þessu misseri, hvað eptir annað ekki orðið tekin til greina, þótt brýn þörf hefði legið fyrir, svo að heita mætti, að þegar væri reynsla fyrir því fengin, að ekki veitti af annari hjúkrunarkonu í viðbót, og það helst mjög bráðlega. Formaður leitandi fyrir hönd félagsstjórnarinnar álits fundarmanna um, hvað gera skyldi í þessu máli, og var það samhuga alit þeirra, að félagið yrði að reyna að auka starfskraft sinn með því að bæta við annari hjúkrunarkonu. En til þess að ráða fram ur þeim kostnaðar- auka fyrir félagið, er það hefði í för með sér, var stjórninni gefin heimild til að gangast fyrir tombóluhaldi — sem flestir þó töldu neyðarúrræði — ef ekki sæist nein leið önnur til að auka tekjur félagsins. — Stjórn félagsins (þeir séra Jón Helgason formaður, bókarí Sighv. Bjarnason ritari og cand. jur. Hannes Thorsteinsson gjaldkeri) var endurkosin. Sömuleiðis endurskodunararmenn (þeir kaupm. Br. H. Bjarnason og bankagjaldkeri Halldór Jónsson). Að lokum flutti héraðslæknir Guðm. Björnsson mjög fróðlega tölu um tauga- veikina og varnir gegn henni.

Um leið og vér birtum fundarskýrslu þessa, viljum vér leyfa oss að benda lesendum blaðsins á þennan einkar nytsama félagskap. Að vorri hyggju eru þau félag ekki mörg í þessum bæ, sem fremur en þetta félag eiga heimting á að njóta velvilðar bæjarmanna. Hér er um hið partasta mannuðarfyrirtæki að ræða. Tilgangur félagsins er einvörðungu sa, að liðsinna með hjúkrun, þar sem sjúkdóm ber að höndum, sérstaklega á hinum fátækari heimilum, sem ekki þiggja af sveit, en mundi ókleyft að notfæra sér sjukrahúsið, vegna hins mikla kostnaðar, sem það hefur í för með sér. Hjúkrunin er ókeypis fyrir þá, sem einalausir eru; fyrir aðra að eins í króna á dag. Reynslan hefur þegar sýnt, að til fyrirtækis þessa er ekki að opörfu stofnað, en jafnframt hefur hún næsta tilfinnanlega sýnt, að félag þetta þarf að auka starfsmagn sitt, til þess að geta fullnægt brýnustu þörfinni. En til þess verður fjárfraumlög félagsins að aukast. Það verður ekki með sangirni ætlað til þess af félagsmönnum, að þeir leggi á sig þyngri skatt árlega í félagsins þarfir, en þeir þegar hafa svo góðslegu getu, og tombóluhaldið, svo mjög sem það er tíðkað hér í bæ á seinni árum, er aldrei nema neyðarúrræði, sem í lengstu lög ætti að reyna að fordast að gripa til. En til þess ætti ekki heldur að þurfa að koma. Félagsskapur þessi er svo góður og bæjarmönnum sjálfum svo þarfur, að þeim ætti ekki að verða skotaskuld úr því að styrkja hann til þess að færa út kvíarnar, annaðhvort með því að gerast félagsmenn með ákveðnu árstíllagi, eða með peningagjöfum, eptir því sem hver hefur efni til.

## Íshúsið í Reykjavík.

Aðalfundur var haldinn í Íshúsfélaginu við Faxaflóa 22. þ. m. Skýrði formaður

félagsins, Tryggvi Gunnarsson bankastjóri, frá hag þess og framkvæmdum næstl. ár. Hafði ágóði þess orðið á árinu 4539 kr. 24 a. og að meðtöldum eptirstöðvum frá f. a. hafði aðalfundur til ráðstöfunar 5280 kr. 40 a. Samþykkt að greiða hluthöfum 12% í vexti af hlutafénu, en geyma 2616 kr. af arði félagsins til næsta árs. Gjaldkera félagsins (C. Zimsen konsúl) voru greiddar 300 kr. fyrir gjaldkerastörf á árinu. Samþ. var tillaga frá formanni um að verja 2000—2500 kr. til húsbýggingar til ísgeymslu, ef hentug lóð fengist, og ástæður félagsins leyfðu. Samþ. var og að verja jafnmikilli upphæð eins og næstl. ár til næturvörzlu í Hafnarstræti, þar sem byggingar félagsins eru. Reikningur félagsins síðastl. ár samþ. í einu hljóði. Borin var fram tillaga frá 5 fundarmönnum að veita formanni félagsins (Tr. Gunnarssyni) 500 kr. þóknun fyrir störf hans í félagsins þarfir undanfarin ár. Um leið og formaður þakkaði uppástungumönnum fyrir tillögu þessa, færðist hann mjög undan að þiggja nokkra þóknun fyrir störf sín og óskaði að fundarmenn tækju tillöguna aptur, og urðu þeir við þessari beiðni hans. Úr stjórninni átti formaðurinn að ganga, en var endurkosinn með lófaklappi, sömuleiðis varastjórnandi Eiríkur Briem endurkosinn, endurskodunar- menn Halldór Jónsson og Sighvatur Bjarnason, en til vara Jón Þórðarson kaupmaður.

Eins og sjá má, stendur hagur félags þessa mæta vel, hefur það ekki að eins reynzt abatasamt fyrirtæki, heldur jafnframt hið mesta nytsemdarfyrirtæki fyrir bæinn, og á stofnandi félagsins hr. Tryggvi Gunnarsson miklar þakkir skilið fyrir það handarvikið, sem fleiri í bæjarins og almennings þarfir.

## Ný lög

- staðfest af konungi 27. nóv. f. á:
37. Lög um eptirlit með mannflothingum til útlanda.
  38. Lög um fríðun fugla.
  39. Lög um þingsköp til bráðabirgða fyrir alþingi.
  40. Lög um að stjórninni veitist heimild til að makaskipta þjóðjörðinni Norður-Hvammí í Hvammshreppi fyrir prestsetursjörðina Fell í Dyrhólshreppi.
  41. Lög um heimild til að kaupa lönd til skógarfríðunar og skógargræðslu.
  - 42—48. Löggildingar 7 nýrra verzlunarstada, Selvíkur í Skagafirði, Kalshamarsvíkur, Bolungarvíkur í Ísafj- sýslu, Grenivíkur, Akra í Hraunhrepp, Heiðar á Langanesi og Óspakseyrar í Bitru.
- Hinn 19. des. staðfest:
49. Lög um tungirðingar.
  50. Lög um fólksflutninga til Íslands.
  51. Lög um heimild til lantöku fyrir landsjód.

Eru þá að eins eptir 6 frumvörp frá síðasta þingi, sem ef til vill bíða öll eða einhver nýja ráðherrans, og eru hin merk- ustu þeirra lagaskólafrumvarpið og eptir- launafrumvarpið. En meðal þessara 6 frumvarpa er að minnsta kosti eitt, sem ekki verður staðfest og ekki getur orðið staðfest úr þessu, og það er við- aukalögin um landsbankann. Alberti þóknadist ekki að staðfesta þau, heldur gerði sér lítið fyrir og hjó í sundur en leysti ekki hnútinn um nýja bankann, með því að láta það heita gott og gilt, þótt bankinn væri ekki stofnsettur hér á landi fyrir 1. okt. f. á. eins og átti að vera lög- um samkvæmt. En nú kemst hann lík- lega ekki hér á laggirnar fyr en 6 mánu- dum síðar.